

## REGLUGERÐ um botn- og flotvörpur.

### 1. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botnvörpu, sem notuð er til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land, skal vera 155 mm. Þó er heimilt að nota net með 135 mm lágmarksmöskvastærð í miðneti (netþaki).

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er skipum, sem stunda veiðar með botnvörpu heimilt að nota riðil með lágmarksmöskvastærðinni 135 mm í allri vörpunni eða hluta hennar utan línu, sem dregin er umhverfis Ísland þannig:

Frá punkti 66°05'N-24°18'5V er dregin lína í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, suður í punkt 64°43'7N-24°26'V, síðan í punkt 64°43'7N-24°12'V. Frá þeim punkti er línan dregin suður í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey og þaðan í punkt í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi og síðan í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu austur að 18°00'V. Síðan er línan dregin 180° réttvísandi í punkt 63°13'N-18°00'V og þaðan austur um punkta 63°16'N-17°19'V og 63°25'N-16°30'V í punkt 64°24'N-12°11'V. Þaðan er línan dregin um punkta 64°45'N-11°38'V og 65°00'N-11°30'V norður í punkt 65°28'N-11°29'V. Þaðan er línan dregin norður og síðan vestur um eftirgreinda punkta:

66°05'N	–	11°38'V		67°10'N	–	18°10'V
66°15'N	–	12°28'V		67°30'N	–	18°10'V
66°44'5N	–	13°00'V		67°30'N	–	20°40'V
67°05'N	–	14°00'V		67°11'5N	–	22°10'V
67°15'N	–	15°00'V	í punkt	67°19'N	–	23°10'V
67°15'N	–	16°30'V				

Þaðan er línan dregin vestur og síðan suður um eftirgreinda punkta:

67°11'N	–	23°42'V		66°40'N	–	24°52'V
66°55'N	–	24°31'V		66°28'N	–	25°26'V
66°52'5N	–	24°42'V	í punkt	66°05'N	–	24°18'5V

### 2. gr.

Lágmarksmöskvastærð í flotvörpu skal vera 135 mm.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er óheimilt að nota minni riðil en 155 mm í öftustu 18 metrum flotvörpunnar, þegar veiðar eru stundaðar innan þess svæðis umhverfis Ísland, sem skilgreint er í 3. mgr. 1. gr. og ennfremur norðan línu, sem vestan Íslands er dregin 310° réttvísandi frá Svalvogsvita (65°54,6'N-23°50,7'V) og austan landsins norðan af 65°N.

### 3. gr.

Lágmarksmöskvastærð í humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa netstykki á legg úr a.m.k. 135 mm riðli fremst á efra byrði belgs vörpunnar fyrir aftan miðnet. Netstykki þetta skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð. Hverjir tveir leggir þessa netstykkis skulu festast við sjó upptökur vörpunnar.

## 4. gr.

Lágmarksmöskvastærð í rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að miðneti en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

Við veiðar á rækju á eftirgreindum svæðum skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar:

- A) Innan viðmiðunarlínu, á svæði frá Bjargtöngum norður og austur um að Rauðanúp.
- B) Við úthafrækjuveiðar fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V. Austan Langaness markast syðri mörk svæðisins af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi.
- C) Fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 23°V.

Við notkun leggþoka er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínu-möskvana. Skal hver leggur leggþokans festast við eina upptöku vörpunnar.

## 5. gr.

Lágmarksmöskvastærð í botn- og flotvörpum, sem notaðar eru til veiða á loðnu, skal vera 16 mm, spærlingi 20 mm, kolmunna og síld 40 mm.

## 6. gr.

Með þoka skv. reglugerð þessari er átt við aftasta hluta vörpunnar. Poki skal allur jafn breiður og skorinn á síðum eða legg. Þó er heimilt að þrengja þoka (sekk) á leisum á tveim öftustu metrum þokans.

## 7. gr.

Við möskvamælingar skal nota möskvamæla, sem þannig eru gerðir:

- A) Hlutar möskvamælis eru: Mælistika, aflmælir fyrir 0-6 kg átak og lóð með tveggja og fimm kg massa.
- B) Mælistika, sem nota skal til að mæla möskvastærð samkvæmt reglugerð þessari, skal vera 2 mm þykk úr traustu efni og þannig gerð, að hún aflagist ekki. Stikan skal mjókka fram á við í hlutfallinu 1 á móti 8 hvorum megin. Breidd stikunnar skal merkt á 1 mm bili. Á efri enda stikunnar skal vera gat nægilega stórt til að notast sem handfang og á neðri enda skal vera gat til að hengja í lóð. Á efri enda skal ennfremur vera gat til að festa aflmæli við stikuna.

## 8. gr.

Við mælingu möskva skal mælistiku þannig beitt:

- A) Netið skal strekkt svo að möskvar teygist eftir lengdarlínu þess.
- B) Mjórrí enda á stiku sbr. 7. gr. skal stungið í möskvann hornrétt á netið.
- C) Stikunni skal stungið inn í möskvann, annað hvort með handfli eða með því að nota lóð eða aflmæli, þar til mælirinn stöðvast á skásettu hliðunum vegna viðnáms frá möskvanum.
- D) Leggmöskvi skal teygður milli upptökuhnúta þegar stikunni er stungið í hann.

## 9. gr.

Við val á möskvum til mælingar skal eftirfarandi gætt:

- A) Þeir möskvar sem mæla á skulu mynda röð af 20 samliggjandi möskvum, sem velja skal eftir lengdarási vörpunnar. Eigi skal mæla möskva sé hann viðgerður, slitinn eða eitthvað fest í hann.
- B) Möskva skal ekki mæla nær leisum, burðarlínum og kolllínu en fjórum möskvum.
- C) Eingöngu skal mæla net þegar þau eru blaut og ófrosin.

## 10. gr.

Stærð hvers möskva skal vera breidd mælistikunnar þar sem hún stöðvast þegar henni er beitt sbr. 8. gr. og skal aflestur miðast við þá tölu, sem sýnileg er fyrir ofan hnút.

## 11. gr.

Möskvastærð netsins, sem mælt er skal vera meðaltal mælinga einstakra möskva, gefið upp með 0.1 mm nákvæmni.

Skekkmörk við mælingu möskva samkvæmt þessari reglugerð mega vera 3%.

## 12. gr.

Eftirlitsmaður skal mæla eina röð af 20 möskvum, sem valdir eru skv. 9. gr. og skal hann stinga mælinum inn í möskvann með handaflí án þess að nota lóð eða aflmæli. Síðan skal möskvastærðin reiknuð út samkvæmt 11. gr.

Sýni útreikningur á möskvastærðinni að möskvastærð sé ekki í samræmi við gildandi reglur, skal velja tvær raðir af 20 möskvum til viðbótar skv. 9. gr. og þær mældar. Þá skal reikna möskvastærð aftur skv. 11. gr. og taka með í útreikninginn þá 60 möskva sem þegar hafa verið mældir og skal þessi útreikningur skera úr um möskvastærð netsins.

Mótmæli skipstjórinn niðurstöðu mælingar, sem fengin er skv. 2. mgr., skal notið mælt að nýju. Við þá endurmælingu skal nota lóð eða aflmæli festan við stikuna og ræður eftirlitsmaður hvort notað er. Lóðið skal festa við gatið á mjórri enda stikunnar með króki. Aflmælinn skal festa við efri enda stikunnar.

Mæla skal þannig eina röð með 20 möskvum á ofangreindan hátt og skal meðaltal þessara 20 möskva gilda sem endanleg meðalmöskvastærð viðkomandi nets.

Við mælingu á vörpum, sem hafa möskvastærðina 45 mm eða minna skv. 5.-6. gr. skal nota 19.51 newtona afl (sem svarar til 2ja kg þyngd), en á aðrar vörpur skal nota 49.03 newtona afl (sem svarar til 5 kg þyngd).

## 13. gr.

Við veiðar er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli fisks aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt að:

- A) **Slitnet.** Festa undir allt að 25 öftustu metra botnvörpu net með sömu möskvastærð og er í pokanum í því skyni að draga úr sliti. Slitvara þessa má festa við pokann að framan og til hliðar og einnig er heimilt að festa slitvarana við styrktarnet efra byrðis að aftan sbr. C-lið þessarar greinar. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slitneti.
- B) **Slitmottur.** Festa undir slitvara þá er getið er í A-lið nautshúðir, mottur úr gerviefnum eða aðra sambærilega slitvara í því skyni að auka enn núningsþol pokans. Slitmottur þessar má aðeins festa að framan og á hliðum.
- C) **Styrktarnet.** Festa styrktarnet úr sama efni og varpan er gerð úr við allt að 18 öftustu metra efra byrðis botnvörpu og efra og neðra byrðis flotvörpu. Möskvastærð styrktarnetsins skal vera rúmlega tvöfalt stærri en möskvastærð vörpunnar þar sem það er fest við. Heimilt er að festa styrktarnet þetta við pokann að framan, á hliðum og að aftan sbr. A-lið þessarar greinar. Ganga skal þannig frá styrktarneti þessu að hver möskvi þess falli saman við fjóra möskva pokans. Óheimilt er að nota meira en eitt byrði af slíku styrktarneti.
- D) **Styrktargjarðir.** Nota styrktargjarðir utan um pokann á allt að 25 öftustu metra botnvörpu og flotvörpu. Bil á milli gjarða skal vera minnst 1.8 m en heimilt er að

festa öftustu gjörðina nær kollínunni. Lengd gjarða skal vera minnst 45% af strengdri lengd netsins á þeim stað sem gjörðin er.

- E) **Steinamottur.** Festa innan á neðra byrði botnvörpu húð eða mottu til að auka núningsþol pokans vegna grjóts, sem berst í pokann. Stærð þessara hlífa má mest vera 4 m<sup>2</sup> alls í hverri botnvörpu.

14. gr.

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum þeim sem getið er um í 3.-5. gr. eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

- A) Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.-5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarks möskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 135 mm. Þegar notaður er hlífðarpoki við innfjarðarækjuveiðar sbr. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.
- B) Að binda fyrir rækjupoka við innfjarðarveiðar á rækju allt að 20 cm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.
- C) Við veiðar með botnvörpum samkvæmt 3. gr. að festa undir pokann net allt að 9 m að lengd með 135 mm möskvastærð til þess að draga úr sliti.
- D) Við veiðar með botnvörpum skv. 3.-5. gr. er heimilt að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar nautshúðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

15. gr.

Eigi ná ákvæði þessarar reglugerðar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsókna. Ennfremur er ráðuneytinu heimilt að veita tímabundin leyfi til þess að nota vörpur með annarri möskvastærð eða öðrum útbúnaði en heimilt er samkvæmt reglugerð þessari. Leyfi þessi skulu bundin við veiðar á ákveðnum fisktegundum og ákveðin veiðisvæði.

16. gr.

Bannað er að henda í sjóinn veiðarfærum, netastykkjum svo og öðrum hlutum úr veiðarfærum. Týni skip veiðarfærum í sjó ber skipstjóra að reyna að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það til Landhelgisgæslunnar og skýra frá staðsetningu veiðarfærisins, eins nákvæmlega og unnt er og hvenær það týndist.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um ólögmetan afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmetats sjávarafla.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júní 1994 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togveiðum, möskvamæla og mæliaðferðir ásamt síðari breytingum og reglugerð nr. 391, 24. september 1993, um botn- og flotvörpur ásamt síðari breytingum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. apríl 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*